

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild í breyttu samfélagi

Hið trúarlega svið á Íslandi hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum og áratugum. Sú stofnun sem öldum og áratugum saman hefur gnæft yfir öðrum trú- og lífsskoðunarfélögum, íslenska þjóðkirkjan, býr ekki að sömu yfirburðastöðu og áður. Á sama tíma hafa aðrar kristnar kirkjudeildir sem og önnur trúarbrögð og lífsskoðunarfélög styrkt stöðu sína. Fyrir þessum breytingum eru ýmsar ástæður sem komið verður inn á síðar í þessari grein. Stöðu þjóðkirkjunnar hefur verið lýst með fyrisögnum á borð við að kirkjan sé í „krísu“¹ eða í „keng“² sem er lýsandi fyrir þá krísuorðræðu (e. *crisis discourse*) sem hefur verið viðloðandi þjóðkirkjuna um nokkra hrið en sérstaklega síðustu 15 ár. Milli þjóðkirkjunnar og Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands eru praktísk, söguleg og menningarleg tengsl. Engu að síður hefur þessi krísuorðræða ekki náð til guðfræði- og trúarbragðafræðideildar og það þrátt fyrir að deildin standi frammi fyrir vandasömum áskorunum. Stærsta vandamál deildarinnar er aðsókn í hana sem hefur minnkað jafnt og þétt síðustu tvo áratugi.³ Nemendafæð setur starfi deildarinnar skorður vegna þess að fjárhagslíkan Háskóla Íslands gerir ráð fyrir sambandi milli aðsóknar, árangurs nemenda og fjárframlags til deildarinnar.⁴ Hún getur því auðveldlega staðið starfi deildarinnar fyrir þrifum, t.d. þegar kemur að námskeiðaframboði og ráðningum fasts starfsfólks sem nú hefur fækkað.

Vandi deildarinnar er afstæður að því leyti að hann helst í hendur við gildandi fjárhagslíkan Háskóla Íslands. Því er þannig stundum fleygt að í sögulegu ljósi sé nemendafjöldinn ekki í lágmarki. En þótt nemendur hafi oft verið færri, þá hefur heildarnemendafjöldi Háskóla Íslands sjaldan verið jafn mikill og einmitt nú. Það þýðir að sem hlutfall af heild hefur deildin sennilega aldrei verið minni.⁵ Hér áður fyrir gerðu félags- og menningarlegar aðstæður í íslensku samfélagi, þ.e. viðhorf til kristinna trúarbragða og þjóðkirkjunnar sem hins viðurkennda

¹ Árið 2012 kom út þemahefti *Ritsins* í ritstjórn Þrastar Helgasonar og Sólveigar Önnu Bóasdóttur með titilinn „Kirkja í krísu“.

² Gunnar Kristjánsson, „Kirkja í keng: Hugleiðingar um þróun íslensku þjóðkirkjunnar á tuttugustu öld“, *Andvari* 125/2000, bls. 69–80.

³ Í október 2022 voru 53 nemendur skráðir í deildina. Tuttugu árum fyrir, árið 2002, voru þeir 132. Flestir voru þeir á tilgreindu tímabili 158, í janúar 2007. Það er í sjálfu sér áhugavert í ljósi þess að aukin aðsókn í háskólanám í kjölfar fjármálahrunsins 2008 virðist ekki hafa skilað sér í aukinni aðsókn í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild. *HÍ í tölum: Skráning nemenda*, sótt 10. apríl 2023 af <https://www.hi.is/kynningarefni/nemendur>.

⁴ Það reiknilíkan sem nú er í gildi er frá árinu 1999 og tekur mið af svonefndum „þreyttum einingum“. Nýtt reiknilíkan, kynnt af ráðherra háskólamála í september 2023, þ.e. meðan á frágangi þessarar greinar stóð, byggist á „loknum einingum“ og tölu útskrifaðra nemenda. Líkanið bíður nú frekari umræðu og mun taka gildi á komandi árum.

⁵ Í febrúar 2023 voru skráðir nemendur við deildina 54, eða 0,4% af heildarnemendafjölda Háskóla Íslands. Hlutfall af heildarnemendafjölda háskóla segir þó lítið um stöðu deilda eða mikilvægi þeirra og hafa ber í huga að guðfræði- og trúarbragðafræðideildir eru yfirleitt fámennar í samanburði við aðrar deildir háskóla. *HÍ í tölum: Skráning nemenda*, sótt 10. apríl 2023 af <https://www.hi.is/kynningarefni/nemendur>.

farvegs þeirra, það einnig að verkum að Guðfræðideild, eins og hún hét þá, stóð traustum fótum þó hún væri fámenn. Það birtist t.d. í þeirri staðreynd að kapellu er að finna á annarri hæð (og þriðju reyndar líka vegna lofthæðar) í aðalbyggingu háskólans sem tekin var formlega í notkun árið 1940. Þessar aðstæður hafa nú breyst eins og fjallað verður um hér á eftir.

Í þessari grein verða þær breytingar sem átt hafa sér stað á síðustu árum og áratugum á hinu trúarlega sviði reifaðar að því leyti sem þær geta varpað ljósi á stöðu Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar og að því marki sem gögn leyfa. Því verður haldið fram að krísa íslensku þjóðkirkjunnar og krísa Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar HÍ skarist. Sömuleiðis verða færð að því rök að vandi deildarinnar og þeir umhleypingar sem átt hafa sér stað á hinu trúarlega sviði kalli á áherslubreytingar í starfi deildarinnar. Nú hefur nám í deildinni auðvitað breyst og þróast með tímanum og námskeiðaframboð deildarinnar sýnir einnig að starfsfólk hennar leitast við taka brýn málefni líðandi stundar fyrir í rannsóknnum og kennslu eftir því sem umgjörð námsins býður upp á. Sennilega verða áherslubreytingarnar þó að vera enn róttækari en hugmyndir um slíkt verða settar fram í síðasta hluta greinarinnar.

Óvissa á markaði

Síðustu sex áratugi eða svo hefur hið trúarlega landslag í Norðvestur-Evrópu tekið miklum breytingum.⁶ Fjarað hefur undan ráðandi stöðu hinna hefðbundnu meirihlutakirkna, bæði hinnar rómversk-kaþólsku og ekki síður mót-mælendakirkna (e. *dechurchification*, þ. *Entkirchlichung*), en báðar hafa þær sett svip sinn svo að um munar á samfélög í Evrópu um alda skeið. Í sögulegu samhengi er því um afar þýðingarmikla breytingu að ræða sem hefur áhrif á grunnuppbyggingu hins trúarlega landslags. Deila má um hvenær þessi þróun hófst en ljóst er að ástæðurnar eru margvíslegar. Sumar þeirra má heimfæra með almennum hætti á samfélagslega þróun í Vestur-Evrópu allri. Hér má nefna aukna almenna menntun, breytingar á viðmiðum og gildum, nýja starfs-hætti í landbúnaði, þéttbýlisvæðingu, efnahagslega uppsveiflu og aukna velmegun. Þessar umfangsmiklu breytingar höfðu mikil áhrif á öll svið samfélagsins: efnahag, stjórnmal, listsköpun og samfélag, t.d. á sviði fjölskyldugerðar, lífsstíls, neysluhegðunar og kynverundar.⁷ Aðrar ástæður eru staðbundnar, t.d. þarf augljóslega að taka tillit til hins trúarlega landslags á hverju svæði fyrir sig þegar skýringa er leitað, sem og annarra staðbundinna sérkenna. Svo að dæmi séu tekin eru aðstæður ekki nákvæmlega hinar sömu í Þýskalandi, þar sem tvær meirihlutakirkjudeildir eru fyrir hendi, hin rómversk-kaþólska kirkja og hin sameinaða evangelíska kirkja (EKD), og á Englandi, þar sem anglíkanska kirkjan (*Church of England*) hefur látið hratt undan síga síðan á sjöunda áratugnum. Á síðustu árum hafa þannig verið birtar margar rannsóknir þar sem

⁶ Norðvestur-Evrópa er hér lauslega skilgreind, út frá landfræðilegri legu og samfélags- og menningarlegum líkindum, sem Norðurlöndin, Bretlandseyjar, Benelúxlöndin, Þýskaland, Norður-Frakkland, Austurríki og Sviss.

⁷ Detlef Pollack og Gergely Rosta, *Religion in der Moderne: Ein internationaler Vergleich*, Religion und Moderne 1, Frankfurt: Campus Verlag, 2014, bls. 150. Bók Pollacks og Rosta er einnig til í enskri þýðingu, *Religion and Modernity: An International Comparison*, þýð. David West, Oxford: Oxford University Press, 2017.

hnignun hinna hefðbundnu meirihlutakirkna hefur verið skýrð út frá sameiginlegum og staðbundnum þáttum.⁸ Þessi þróun hefur verið sett í samhengi við kenningar um nútímavæðingu (e. *modernization*), hnattvæðingu (e. *globalization*) og afhelgun (e. *secularization*) sem hafa verið miðlæggar í tilraunum til þess að skýra þá þróun sem átt hefur sér stað — meira um það síðar.

Í öllum grundvallaratriðum er þróun á Norðurlöndunum hin sama og annars staðar í Norðvestur-Evrópu. Breytingunum sem þar hafa átt sér stað hefur verið lýst á þann veg að hið trúarlega landslag Norðurlanda, sem um alda skeið var einsleitt og markaðist af ráðandi stöðu lútherskra meirihlutakirkna, hafi á tiltölulega skömmum tíma orðið flókið.⁹ Lúthersku meirihlutakirkjurnar sem voru áður ráðandi hafa látið undan síga síðan á áttunda áratugnum þegar um 90% fólks tilheyrði þeim.¹⁰ Aftur eru ástæðurnar margvíslegar: Fólki í öðrum kirkjudeildum og trúarbrögðum hefur fjölgað hratt, sem má að umtalsverðu leyti rekja til fólksflutninga (e. *migration*) og fjölmennningar (e. *multiculturalism*). Einnig hefur þeim sem kjósa að skrá sig ekki í skipulögð trúfélög eða önnur lífsskoðunarfélög fjölgað mikið, þ.e. hinum svokölluðu trúarlegu „nones“.¹¹ Vert er að leggja áherslu á að þótt fólk kjósi að skrá sig utan skipulagðra trúfélaga og annarra skipulagðra lífsskoðunarfélaga þýðir það ekki endilega að það aðhyllist ekki skoðanir sem flokka mætti sem trúarlegar.¹² Fækkun í lúthersku meirihlutakirkjunum verður einnig að skýra út frá staðbundnum þáttum á borð við fyrirkomulag á tengslum ríkis og kirkju og viðbrögðum kirknanna við þeim áskorunum sem samfélagsbreytingar síðustu áratuga hafa haft í för með sér. Þannig snarfækkaði í sænsku kirkjunni eftir lagabreytingar árið 2000 þegar framlög einstaklinga til kirkjunnar tóku að koma fram á skattskýrslum þeirra og menn sáu sér leik á borði að sleppa við að greiða þau með því að skrá sig úr kirkjunni.¹³ Í Finnlandi, þar sem fækkað hefur æ hraðar í lúthersku kirkjunni á síðustu árum, þykir fólki sem skráir sig úr kirkjunni hún hafa misst gildi sitt, erfitt sé að samsama sig henni og hún sé of íhaldssöm.¹⁴

Þróunin á hinu trúarlega sviði á Íslandi á allra síðustu árum hefur ekki verið könnuð nema að takmörkuðu leyti og brýn þörf er á rannsóknum til þess að varpa ljósi á hana. Hið sama virðist þó vera uppi á teningnum hér á landi og annars staðar í Norðvestur-Evrópu. Hin lútherska meirihlutakirkja er í allt annarri stöðu en fyrir fáeinum áratugum. Árið 1998 tilheyrði þjóðkirkjunni 89,91%

⁸ Sjá: Pollack og Rosta, *Religion in der Moderne*. Sjá einnig t.d.: Callum Brown, *The Death of Christian Britain: Understanding Secularisation 1800–2000*, London, Routledge, 2001; Andrew Brown og Linda Woodhead, *That Was the Church That Was: How the Church of England Lost the English People*, London: Bloomsbury, 2016.

⁹ Inger Furseth, Lars Ahlin, Kimmo Ketola, Annette Leis-Peters og Bjarni Randver Sigurvinsson, „Changing Religious Landscapes in the Nordic Countries“, *Religious Complexity in the Public Sphere: Comparing Nordic Countries*, bls. 31–66, ritstj. Inger Furseth, London: Palgrave Macmillan, 2017.

¹⁰ Almenn þátttaka í kirkjustarfi hefur einnig minnkað mikið síðan þá og fólk sækist minna eftir þjónustu kirknanna á tímamótum í lífi sínu. Sífelld færri bera börn sín til skírnar og færri unglingar fermast. Kirkjuleg brúðkaup eru einnig mun færri en áður. Jarðarfarir eru þær kirkjulegu athafnir sem eru hvað síst á undanhaldi. Sjá Furseth o.fl. „Changing Religious Landscapes in the Nordic Countries“, bls. 45–47.


¹¹ Orðið „nones“ er fleirtala af orðinu „none“ eða „ekkert“. Þetta heiti, sem oftast er ekki er látið óþýtt, er komið úr skoðanakönnunum. Þau sem svara því til að þau séu ekki skráð í neitt trúfélag eða eigi ekki samleið með neinu trúfélagi merkja við „none“ — „ekkert“.

¹² Allmikið líf hefur verið í rannsóknum á þessum hópi á síðustu árum. Þar hefur Linda Woodhead verið leiðandi, sjá t.d.: Linda Woodhead, „The Rise of “No Religion”: Towards an Explanation“, *Sociology of Religion* 78:3/2017, bls. 247–262.

¹³ Furseth o.fl., „Changing Religious Landscapes in the Nordic Countries“, bls. 48.

¹⁴ Sama stað.

Íslendinga en árið 2023 58,61% eins og sést á meðfylgjandi línuriti.¹⁵ Traust til þjóðkirkjunnar hefur heldur aldrei mælst lægra þar eð einungis 27% Íslendinga segjast bera traust til hennar samkvæmt mælingum: þessi fjöldi er minna en helmingur þeirra sem tilheyra henni.¹⁶



Línuritið sýnir breytingar á því hversu hátt hlutfall Íslendinga hefur verið skráð í þjóðkirkjuna á árabílinu 1998–2023.

Á sama tíma hefur fjölbreytni hins trúarlega landslags aukist mjög hér á landi. Kirkjudeildir sem eru stórar á heimsmælikvarða, sérstaklega rómversk-kaþólska kirkjan, hafa vaxið á síðustu tveimur áratugum í samræmi við aukinn fjölda innflytjenda, þ.e. eftir að Ísland varð „innflytjendaland“, eins og það hefur verið orðað.¹⁷ Fólki utan trúfélaga, hinum íslensku „nones“, hefur fjölgað hratt. Þetta á einnig við um fólk skráð er í flokkinn „Önnur trúfélög og ótilgreint“ en í þann flokk fellur fólk sem er samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands í lífsskoðunarfélögum sem eru ekki skráð hér á landi. Einnig hefur meðlimum í lífsskoðunarfélagi veraldlegra húmanista, Siðmennt, fjölgað en þó ekki næstum því jafn mikið og fólki sem kys að standa utan allra lífsskoðunarfélaga. Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á skráningartölum Hagstofu Íslands og ýmissa skoðanakannana. Erfitt er að segja neitt með vissu um ástæður fyrir þeim breytingum sem hér er lýst en félagsvísindalegar rannsóknir (bæði eigindlegar og megindlegar), sem áður hefur verið kallað eftir, myndu bæta þar úr skák.

¹⁵ Hagstofa Íslands: *Mannfjöldi eftir trú og lífsskoðunarfélögum 1998–2023*, sótt 12. apríl 2023 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__menning__5_trufelog_trufelog/MAN10001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=d39eae75-3b56-4291-ae62-9d89ab5afad4. Línuriti sótt 20. apríl 2023 af <https://px.hagstofa.is:443/pxis/sq/292de4df-75da-499c-9609-7423eda65b78>.

¹⁶ Gallup: *Traust til stofnana*, sótt 20. apríl 2023 af <https://www.gallup.is/nidurstodur/thjodarpuls/traust-til-stofnana/>.

¹⁷ Unnur Dís Skaptadóttir og Ólöf Garðarsdóttir, „Becoming an Immigration Country: The Case of Iceland 1990–2019“, *Mobility and Transnational Iceland: Current Transformations and Global Entanglements*, ritstj. Kristín Loftsdóttir, Unnur Dís Skaptadóttir og Sigurjón Baldur Hafsteinsson, Reykjavík: University of Iceland Press, 2020, bls. 23–38.

Þjóðkirkjan í ljósaskiptunum

Fækkun í íslensku þjóðkirkjunni verður þó ekki aðeins skýrð á grundvelli ytri aðstæðna. Eins og nefnt var í upphafi þessarar greinar hefur nú tíðkast um nokkurt skeið að lýsa stöðu þjóðkirkjunnar sem krísuástandi.¹⁸ Slík orðræða er alls ekki ný af nálinni í sögu íslensku þjóðkirkjunnar eins og bent hefur verið á.¹⁹ Sérhver krísa hefur þó sín sérkenni sem draga dóm af þeim félagslegu og menningarlegu kringumstæðum sem hún kemur fram í. Krísuorðræða 21. aldarinnar á rætur sínar að rekja til erfiðra mála sem þjóðkirkjan hefur þurft að takast á við, þ.e. „biskups málsins“ svokallaða og síðar viðbrögðum kirkjuforystunnar við ákalli eftir viðurkenningu á hjónabandi samkynhneigðra.²⁰ Sömu leiðis hefur útbreidd óánægja með sérstöðu þjóðkirkjunnar gagnvart ríkisvaldinu haft sitt að segja.²¹ Að síðustu verður einnig að nefna áhrif laga-breytingar frá árinu 2013 á fækkun í þjóðkirkjunni þar sem kveðið var á um að nýfædd börn yrðu ekki lengur sjálfkrafa skráð í trúfélag móður en sú breyting leiddi til þess að mun færri nýburar tilheyra þjóðkirkjunni nú en áður.²² Ólíkt öðrum krísutímabilum í sögu íslensku þjóðkirkjunnar tekur krísuorðræðan að þessu sinni á sig áþreifanlega mynd í viðvarandi fólksflotta frá kirkjunni sem ekki sér fyrir endann á.

Mögur ár þjóðkirkjunnar eru orðin talsvert fleiri en sjö og hvort þau verði miklu fleiri veltur á ýmsu. Þjóðkirkjan er vissulega fjölmennasta og umsvifamesta trúfélag á Íslandi.²³ Hún á einnig í sérstöku sambandi við ríkisvaldið og fylgja því bæði forréttindi og skyldur. Þrátt fyrir að þjóðkirkjan sé að þessu leyti enn í yfirburðastöðu á hinu trúarlega sviði er ljóst að þeirri þróun sem lýst hefur verið verður ekki snúið við. Íslenska þjóðkirkjan mun ekki komast aftur í þá ráðandi stöðu sem hún áður hafði. Hún hefur þegar tapað miklu af hinu siðferðilega boðvaldi (e. *moral authority*) í samfélaginu sem hún áður hafði eða

¹⁸ Á allra síðustu árum má greina viðleitni til að breyta „krísuorðræðunni“ í það sem kalla mætti „tímamóta-orðræðu“, þar sem lögð er áhersla á að þjóðkirkjan standi á tímamótum. Þessi viðleitni birtist skýrt í skrifum Hjálta Hugasonar sem hefur fjallað hvað afdráttarlausast um stöðu þjóðkirkjunnar í breyttu samfélagi á síðustu árum. Í samtímagreiningu sinni hefur Hjalti dregið fram að brýn nauðsyn sé á afgerandi viðbrögðum við þeirri stöðu sem upp er komin, einkum eftir að ný lög um þjóðkirkjuna voru sett árið 2021. Þjóðkirkjan er, eins og kemur fram í fyrirsögnum á greinum hans, á „krossgötum“, á „þröskuldi“, á „tímamótum“ og á „rauðu ljósi“. Hjalti Hugason, „Kirkja á krossgötum“, *Kirkjublaðið*, 21. júlí 2021, sótt 14. apríl 2023 af <https://www.kirkjubladid.is/gestaglugginn/kirkja-a-krossgotum/>; Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja á þröskuldi 1–4“, *Kirkjan: Pistlar sem Hjalti Hugason hefur ritað*, pistlaröð sem birtist 16.2018, 19.2.2018, 25.2018, 2.3.2018, sótt 14. apríl 2023 af <https://kirkjan.is/kirkjan/tru.is/hofundur/?authorid=b63c1942-b27b-4e07-a8a9-e60aa80581ef>; Stefán Magnússon og Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja á tímamótum“, *Kirkjublaðið*, 23. mars 2022, sótt 14. apríl 2023 af <https://www.kirkjubladid.is/gestaglugginn/thjodkirkja-a-timamotum/>; Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja á rauðu ljósi“, *Kirkjublaðið*, 8. janúar 2023, sótt 14. apríl 2023 af <https://www.kirkjubladid.is/gestaglugginn/thjodkirkja-a-raudu-ljosi/>.

¹⁹ Hjalti Hugason, „Kirkja í krísu: Íslenska þjóðkirkjan mætir nútímanum“, *Ritið* 2/2012, bls. 9–32, hér 10–11.

²⁰ Furseth o.fl. „Changing Religious Landscapes in the Nordic Countries“, bls. 48. Sjá einnig Sólveig Anna Bóasdóttir, „Same-Sex Marriage: A Burning Issue in the Evangelical Lutheran Church of Iceland“, *Exploring a Heritage: Evangelical Lutheran Churches in the North*, ritstj. Anne-Louise Eriksson, Göran Gunner og Niclas Blåder, Eugene: Pickwick Publications, 2012.

²¹ Furseth o.fl. „Changing Religious Landscapes in the Nordic Countries“, bls. 48.

²² Lög um breytingu á lögum um skráð trúfélag, nr. 108/1999, með síðari breytingum (lífsskoduvarfélög, aðild barna að skráðum trúfélögum og lífsskoduvarfélögum, *Alþingi*, sótt 11. ágúst 2023 af <https://www.althingi.is/altext/stjt/2013.006.html>.

²³ Frá hnattrænu sjónarhorni er þjóðkirkjan þó afar smá í samanburði við aðrar kirkjudeildir starfandi hér á landi, t.d. rómversk-kaþólsku kirkjuna sem hefur stækkað hratt á Íslandi á undanförunum árum vegna fjölgunar innflytjenda frá löndum þar sem sú tiltekna kirkjudeild er í meirihluta. Rómversk-kaþólska kirkjan á engu að síður við sína eigin krísu að etja sem virðist mun erfiðari viðfangs en kreppa íslensku þjóðkirkjunnar.

sleppt höndunum sjálf af hinu siðferðilega ráðsmennskuhlutverki (e. *moral guardianship*). Þessum aðstæðum lýsir Sigurjón Árni Eyjólfsson vel í bók frá árinu 2014 þegar hann segir „að Þjóðkirkjan sé ekki í stöðu þess sem hefur yfirsýnina og áminningarvaldið. Í samfélaginu stendur kirkjan jafnfætis öðrum. Sá tími er líka liðinn að hún geti vísað til sameiginlegs, kristins grundvallar. Kirkjan getur því ekki lengur vísað til þess sem hún **gerir**, heldur verður hún að skýra **hvers vegna** hún gerir það.“²⁴

Með nokkrum undantekningum virðist sem fulltrúar þjóðkirkjunnar hafi brugðist við þessum breytingum með því að draga sig í hlé í samfélagslegri rökræðu. Inn í það rými sem við það hefur skapast hafa aðrir stigið — að eigin frumkvæði eða til kallaðir af „hliðvörðum“ opinberrar umræðu, fjölmiðlunum. Þetta eru ekki fulltrúar annarra trúfélaga heldur sérfræðingar af vettvangi háskólanna. Á síðustu árum hafa t.d. heimspekimenntaðir siðfræðingar verið mjög áberandi í umræðu um siðferðileg álitæfni þar sem kristnir guðfræðingar tóku áður til máls.²⁵ Auðvitað er bæði æskilegt og nauðsynlegt að háskólamenntaðir sérfræðingar taki þátt í samfélagslegri rökræðu. Hún verður þó að endurspeglar fjölbreytni samfélagsins. Hlédrægni af hálfu talsmanna trúarlegra lífsskoðana í hinni opinberu umræðu hefur leitt til þess að sjónarmið sem byggjast á röksemdum þar sem vísað er til trúar eða hvers kyns handanleika hafa færst út á jadarinn. Þetta er miður vegna þess að á meðan kristin trúarbrögð og önnur eru þó jafn útbreidd og raun ber vitni þurfa sjónarmið þeirra að fá að heyrast í lýðræðislegri rökræðu í nútímasamfélagi sem verður sífellt fjölbreyttara.

Þjóðkirkjan virðist þurfa að nema land í opinberri umræðu á Íslandi upp á nýtt og taka sér stöðu út frá þeim breyttu aðstæðum sem upp eru komnar sem einn jafn rétthár þátttakandi meðal annarra án hins trúarlega og siðferðilega boðvalds sem hún áður hafði.²⁶ Leiðin út úr krísuástandinu virðist þess vegna felast í því að þjóðkirkjan horfist í augu við þær kringumstæður sem upp eru komnar og endurskilgreini hlutverk sitt og sjálfsmynd í ljósi þeirra. Slíkt er hægara sagt en gert og ekki ljóst hvort vilji standi til þess innan kirkjunnar. Breytingar virðast þó óhjákvæmilegar og tímarnir framundan áhugaverðir.²⁷ Í

²⁴ Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Trú, von og þjód: Sjálfsmynd og staðleysur*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014, bls. 500. Áherslumerkingum bætt við.

²⁵ Hér má nefna að siðfræðingar á borð við Henry Alexander Henrysson og Vilhjálmm Árnason eru mun meira áberandi þegar kemur að siðferðilegum álitamálum í opinberri umræðu en t.d. biskup íslensku þjóðkirkjunnar eða aðrir guðfræðingar á hennar vegum.

²⁶ Svo vill til að innan lútherskrar guðfræði er að finna langa menntahefð (e. *intellectual tradition*) þar sem gert er ráð fyrir því að hlutverk kirkjunnar þjóna sé ekki að dreifa siðabodum til fólks heldur miklu fremur að varpa ljósi á tilvistarastand og styðja við trú hinnar kristnu manneskju, annars vegar á grundvelli sérþekkingar á hinni kristnu trú og hins vegar á grundvelli greiningar á samfélagi og menningu. Hvort þjóðkirkjan hefur áhuga á þeirri hefð verður tíminn að leiða í ljós. Grundvallarframlag til þessarar hefðar kom frá Friedrich Schleiermacher, *Um trúarbrögðin: Ræður banda menntamönnum sem fyrirlita þau*, þýð. Jón Árni Jónsson, inngang ritar Sigurjón Árni Eyjólfsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007.

²⁷ Á síðustu árum hefur t.d. staðið yfir áhugavert ferli þar sem unnið hefur verið að því að endurskipuleggja stjórnskipun þjóðkirkjunnar. Þessi vinna breikkar enn gjána milli ríkisvalds og þjóðkirkjunnar. Um er að ræða ferli í átt að sundurgreiningu (e. *differentiation*) svo að notast sé við félagsfræðilegt orðalag. Kirkjuþing þjóðkirkjunnar hefur samþykkt nýtt skipurit og vinnur nú að því að þróa og móta skrifræði (e. *bureaucracy*) til að sinna verkefnum sem áður voru á höndum ríkisins. Hér er um afhelgunarferli að ræða þar sem einn þáttur afhelgunarinnar (e. *secularization*), eins og hún hefur verið skilgreind, er stofnanaleg sundurgreining hins trúarlega sviðs frá öðrum sviðum samfélagsins. Með því að færa sífellt fleiri verkefni yfir á hendur þjóðkirkjunnar sjálfrar, afhelgar ríkið sjálf sig. Verkefnið er flókið vegna þess að á sama tíma og nýju þjóðkirkjulögin auka innra sjálf-ræði þjóðkirkjunnar, leggur ríkisvaldið yfirgripsmiklar skyldur á herðar kirkjunni, þ.e. að henni beri „að halda

Því sem á eftir fer verða færð að því rök að erfiða stöðu Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar megi skýra á grundvelli þeirra breytinga á hinu trúarlega sviði sem hér hefur verið lýst og einkum í ljósi tengsla hennar við hina lúthersku meirihlutakirkju.

Þysjað út

Breytingarnar sem hér hefur verið lýst, bæði á hinu trúarlega sviði almennt og á stöðu lúthersku meirihlutakirkjunnar á Íslandi, þurfa ekki að koma neitt sérstaklega á óvart. Sagan af afdrifum trúarbragðanna í nútímanum hefur oft verið sögð og útgáfurnar eru margar. Mikilvægt stef í þessum frásagnaklasa er hugmyndin um „afhelgun“ (e. *secularization*, þ. *Säkularisierung*, fr. *secularisation*) sem varð sérstaklega áberandi upp úr miðri tuttugustu öld. Í henni felst, með mikilli einföldun, að trúarbrögð muni missa vægi sitt og jafnvel hverfa eftir því sem hinu sögulega tímabili sem nefnt hefur verið nútíminn (e. *modernity*) vindur fram.

Uppruni kenninga um afhelgun er stundum rakinn til skrifa þýska félagsfræðingsins Max Weber. Þótt hann hafi ekki notast við hugtakið „afhelgun“ nema að litlu leyti ritaði hann mikið um stöðu trúarbragðanna og þær breytingar sem nútíminn myndi hafa í för með sér fyrir þau. Hann lýsti því hvernig samfélög hefðu sífellt orðið flóknari og greinst í ólík svið. Trúarbrögðin — í Evrópu hin kristnu trúarbrögð — kæmu til með að missa áhrif sín á öðrum sviðum samfélagsins og færast inn á sérstakt svið hins trúarlega. Þetta ferli hefur verið kallað samfélagsleg sundurgreining (e. *social differentiation*). Þetta hefði einnig í för með sér rökvaðingu (þ. *Rationalisierung*; e. *rationalization*) samfélagsins, þ.e. að hin samfélagslegu svið myndu sérhæfast og til yrðu stofnanir og innan þeirra sérfræðingaelitur sem héldu um stjórnartaumana. Þá setti Weber einnig fram þá hugmynd að fólk myndi hætta að líta á veröldina með þeim hætti að hún væri töfrum slungin og hægt væri að hafa áhrif á gang hennar með orðum (bænum) og athöfnum (helgisiðum). Þetta ferli mætti kalla á íslensku „aftöfrun“ (þ. *Entzauberung*; e. *disenchantment*).²⁸ Ef horft er til þessara áhersluþátta í skrifum Webers er kannski ekki skritið að umræðan um afhelgun sé stundum rakin til hans. Þau sem fást við trúarbrögð í nútímanum þurfa þannig óhjákvæmilega að takast á við stórsögu (e. *grand narrative*) Webers eins og fólk hefur líka gert í unnvörpum. Bent hefur verið á að hana þurfi að leiðrétta að ýmsu leyti, t.d. hefur verið sýnt fram á að veröldin er enn víða uppfull af

úti vígðri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni“. Lög um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, *Alþingi*, sótt 6. apríl 2023 af <https://www.althingi.is/altext/stjt/2021.077.html>.

²⁸ Þessar grunnhugmyndir úr skrifum Webers koma fram í mörgum verka hans. Sérstaklega má nefna Max Weber, *Wirtschaft und Gesellschaft: Grundriss der Verstehenden Soziologie* 1 og 2, 5. útg., Tübingen: Mohr Siebeck, 1975, og Max Weber, *Die Protestantische Ethik und der „Geist“ des Kapitalismus*, ritstj. Andrea Maurer, Ditzingen: Reclam, 2019. Þessar hugmyndir koma einnig að hluta til fyrir í einu ritunum eftir hann sem birst hafa í íslenskri þýðingu, þ.e. „Starf fræðimannsins“ (þ. *Wissenschaft als Beruf*) og „Starf stjórnálmámannsins“ (þ. *Politik als Beruf*). Sjá *Mennt og máttur*, þýð. Helgi Skúli Kjartansson, formáli eftir Sigurð Líndal, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1978.

töfrum, trú og guðum²⁹ og að sundurgreining samfélagsins í ólík svið sé ekki jafn klippt og skorin og Weber hélt fram.³⁰

Svo að vikið sé nánar að afdrifum afhelgunarkenninga á tuttugustu öldinni þá urðu þessar kenningar mjög áberandi og áhrifamiklar á síðari hluta aldarinnar. Þau sem tóku til máls voru almennt sammála um að trúarbrögðin væru á undanhaldi í heiminum; eftir því sem samfélög yrðu nútímalegri, þeim mun minni yrðu áhrif trúarbragðanna á þau. Einhugur var um að lýsa þessari þróun með hugtakinu afhelgun þó að fólk greindi á um útfærslur. Þannig spáðu sumir fræðimenn því að trúarbrögðunum myndi aðeins hnigna,³¹ aðrir að þau myndu hverfa alveg³² og enn aðrir að þau myndu hörfa inn á einkasviðið.³³ Þetta var lífleg umræða sem varð síðan enn líflegri á tíunda áratugnum þegar bæði pólitískir stórviðburðir og empírískar rannsóknir tóku að benda í allt aðrar áttir en afhelgunarkenningar umliðinna áratuga höfðu spáð fyrir um.³⁴ Trúarbrögðin virtust langt í frá dauð úr öllum æðum en engu að síður voru að eiga sér stað breytingar sem fræðimenn hafa leitast við að lýsa, greina og skýra það sem af er þessari öld.

Hér er hvorki rými né ástæða til að fara ítarlega yfir þær greiningar og skýringar á stöðu trúarbragðanna í nútímanum sem lagðar hafa verið fram síðustu tvo áratugi. Þó er gagnlegt að draga fram nokkra áhugaverða þræði.

Fyrst má nefna áherslu á að taka verði aukið tillit til landfræðilegs rýmis og sögulegs samhengis og að samspil hins andlega og veraldlega geti verið með ólíkum hætti á ólíkum svæðum. Þannig setti Talal Asad fram áhrifamikla gagnrýni á afhelgunarkenningar tuttugustu aldar frá sjónarhóli eftirlendufræða (e. *postcolonial studies*) þess efnis að uppskiptingin á milli hins veraldlega og hins andlega eigi rætur í kristnum (og vestrænum) hugmyndaheimi og því komi ekki á óvart að ekki gangi upp að heimfæra hana á annað menningarlegt samhengi.³⁵ Brugðist hefur verið við hugmyndum Asads og sporgöngufólks hans með dæmum um hvernig aðskilnaður milli hins andlega og veraldlega geti verið fyrir hendi þó að hið menningarlega og sögulega samhengi sé hvorki kristið, vestrænt né nútímalegt.³⁶

²⁹ Áberandi talsmaður slíkra viðhorfa er Jason A. Josephson-Storm, *The Myth of Disenchantment: Magic, Modernity, and the Birth of the Human Sciences*, Chicago: University of Chicago Press, 2017. Sjá einnig: Paul Heelas og Linda Woodhead (ásamt Benjamin Seel, Bronislaw Szerszynski og Karin Tusting), *The Spiritual Revolution: Why Religion is Giving Way to Spirituality*, Oxford: Blackwell, 2005.

³⁰ Nægir hér að vísa til skrifna Pierres Bourdieu sem þróaði eigin kenningar um félagsleg svið þar sem gert er ráð fyrir mun flóknari uppskiptingu og samspili milli þeirra. Sjá t.d.: Pierre Bourdieu og Loïc J.D. Wacquant, *An Invitation to Reflexive Sociology*, Chicago: University of Chicago Press, 1992.

³¹ Peter L. Berger, *The Sacred Canopy: Elements of a Sociological Theory of Religion*, Garden City, NY: Doubleday, 1969. Eins og frægt er, átti Berger eftir að skipta um skoðun, sbr. grein hans: Peter L. Berger, „The Desecularization of the World: A Global Overview“, *The Desecularization of the World: Resurgent Religion and World Politics*, ritstj. Peter L. Berger, Grand Rapids: Eerdmans, 1999, bls. 1–18.

³² Bryan R. Wilson, „Secularization: The Inherited Model“, *The Sacred in a Secular Age*, ritstj. P. E. Hammond, Berkeley: University of California Press, 1985, bls. 9–20.

³³ Thomas Luckmann, *The Invisible Religion: The Problem of Religion in Modern Society*, New York: Macmillan, 1967.

³⁴ Hér má nefna uppreisnina í Íran 1979 og áhrif kristinna evangelískra hópa (e. *evangelicals*) á stjórnarmál í Bandaríkjunum, einkum í valdatíð Jimmys Carter og síðar. Einnig má nefna vöxt evangelískrar (e. *evangelical*) kristni í Suður-Ameríku. Berger, „The Desecularization of the World“, bls. 1–18.

³⁵ Talal Asad, *Formations of the Secular: Christianity, Islam, Modernity*, Cultural Memory in the Present, Stanford: Stanford University Press, 2003.

³⁶ Sjá: Monika Wohlrab-Sahr og Christoph Kleine, „Historicizing Secularity: A Proposal for Comparative Research from a Global Perspective“, *Comparative Sociology* 20:2/2021, bls. 287–316. Sjá einnig: Rushain Abbasi, t.d. pistillinn „The Premodern World and the Secular“, 16. febrúar 2023, *The Political Theology Network*, sótt 5. maí 2023 af <https://politicaltheology.com/symposium/the-premodern-world-and-the-secular/>.

Í raun er Norðvestur-Evrópa — Ísland þar með talið — eina svæðið í heiminum þar sem forspá gamla afhelgunarlíkansins hefur komist nálægt því að ganga eftir. Þetta svæði er undantekning frá þeirri þróun sem á sér stað víðast hvar annars staðar í heiminum þar sem kenningar um afhelgun eiga ekki við með jafn skýrum hætti. Þess vegna hefur mikil umræða farið fram um þann menningarsögulega bakgrunn sem hið trúarlega landslag Vestur-Evrópu, þ.m.t. afhelgun þess, hvílir á. Þar skiptir framlag heimspekingsins Charles Taylor höfuðmáli en hann hefur bent á að róta afhelgunarinnar í Evrópu sé að leita í hinum kristna hugmyndaheimi og að ekki sé hægt að líta svo á að hin afhelguðu samfélög nútímans séu einfaldlega hreinsuð af hinu trúarlega.³⁷ Vegna hugmyndasögulegra breytinga sem áttu sér stað innan hinnar kristnu hefðar og í samtali við hana urðu smám saman til aðrir möguleikar en þeir sem fyrir voru til að hugsa um heiminn, samfélagið og einstaklinginn. Þetta leiddi að lokum til þess að til varð nokkuð sem Taylor kallar „umgjörð hérverunnar“ (e. *the immanent frame*). Með því á hann við að í hinum vestræna nútíma sé miklu nærtækara að útskýra líf okkar og tilvist í ljósi hérverunnar (e. *immanence*) en handanverunnar. Allt samhengi hugsunar okkar sé mótað af hérverunni og því standi öll líkindi til þess að við hugsum hluti innan þeirrar umgjörðar. Skrif Taylors hafa leitt til þess að í auknum mæli er ekki fjallað um þær breytingar sem orðið hafa á hinu trúarlega sviði í hinum vestræna heimi sem hreina hnignun eða upplausn heldur sem hugmyndasögulega þróun sem ekki er hægt að útskýra nema á grundvelli kristinna trúarbragða.

Meira að segja á þessu undantekningasvæði er margt óvænt og athyglisvert á seyði. Í því samhengi má benda á að hugtök á borð við „hið trúarlega“, „trúarbrögð“ og „hið heilaga“ hafa þanist út að umfangi til þess að ná utan um hið nýja og óvænta. Nú á umræðan um skilgreiningu á trúarbragðahugtakinu og tengdum hugtökum sér langa sögu og engin nýlunda að rætt sé um umfang og endimörk þeirra.³⁸ Þær breytingar sem orðið hafa á hinu trúarlega sviði, og það aðeins í Norðvestur-Evrópu, hafa hins vegar gefið tilefni til að láta reyna á þanþol hugtakanna enn frekar. Þetta eru breytingar sem lýst hefur verið með ýmsum hætti. Svo að dæmi sé tekið hefur Philip Gorski talað fyrir því að þróun á hinu trúarlega sviði sé best lýst sem sundrun hins heilaga (e. *fragmentation of the sacred*) þar sem hið heilaga hættir að vera undir yferráðum og jafnvel einokun áhrifamikilla stofnana á borð við kirkjur og brotnar upp í fjölda annarra birtingarmynda. Þær geta verið með ýmsum hætti og þurfa ekki að vera bundnar inntaki eða markmiðum sem eru yfirlýst trúarleg. Hið heilaga getur þannig

³⁷ Oft er vísað í gagnrýni Taylors á svokallaðar „frádráttarsögur“ (e. *subtraction stories*) en með því á hann við skýringar sem gera ráð fyrir því að afhelgun felist fyrst og fremst í því að hið trúarlega hverfi af sjónarsviðinu og hægt sé að lýsa ferlinu með því að draga hið trúarlega einfaldlega frá án þess að taka tillit til þess hugmyndasögulega samhengis sem þessi þróun átti sér stað í. Í bók sinni sýnir hann fram á hvornig forsendur fyrir vexti hins veraldlega sé að finna m.a. í hugmyndasögulegu samhengi kristinna trúarbragða. Charles Taylor, *A Secular Age*, Cambridge: Harvard Belknap, 2007, bls. 26.

³⁸ Á íslensku hefur Sólveig Anna Bóasdóttir ritað hvað mest um þessi efni, sjá: Sólveig Anna Bóasdóttir, „Religio mihi est“: Religio(n) sem helgar skyldur, helgisiðir, kenningarkerfi og trúarleg tilfinning“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 40/2015, bls. 40–52; Sólveig Anna Bóasdóttir, „Trú: Umfjöllun um fimm mismunandi trúarhugtök“, *Trú og þjóðfélag: Afmalisrit til heiðurs Pétri Pétursyni sjötugum*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2021.

birist í þjóðernishyggju, í hugmyndinni um helgi einstaklingsins eða manneskjunnar³⁹ en líka í ýmiss konar starfsemi þar sem fólk finnur fyrir sérstakri samhljóman handan sjálfs sín (þ. *Resonanz*) í íþróttum, yoga, hugleiðslu eða tölvuleikjum.⁴⁰ Hið heilaga hefur þannig teygst sig inn á nýjar og áður ókannaðar lendur — meira að segja þau svæði sem eru sérstaklega kennd við hið veraldlega.⁴¹

Arfleifð Prestaskólans

Víkur sögunni nú aftur að Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands. Eins og nafnið ber með sér stendur hún á skurðpunkti eða flekaskilum; hún er áhugaverð tengistöð milli hins veraldlega og andlega í íslensku samfélagi. Sem deild í Háskóla Íslands er hún hluti af stærstu mennta-, vísinda- og rannsóknarstofnun landsins, háborg hinnar vísindalegu heimsmyndar. Á sama tíma er hún einnig mikilvægur hluti af hinu trúarlega sviði íslensks samfélags þar sem hún er eini staðurinn á Íslandi þar sem fólk getur fengið þá menntun sem nauðsynleg er til að gegna störfum innan lútherskra kirkjudeilda á Íslandi, þ.e. þjóðkirkjunnar og fríkirknanna þriggja, Fríkirkjunnar í Reykjavík, Fríkirkjunnar í Hafnarfirði og Óháða safnaðarins. Með öðru orðalagi, eilítið félagsfræðilegu, þá hafa flestir trúarlegir sérfræðingar (e. *religious specialists*) landsins sótt sér sérþekkingu sína þangað.

Vegna stærðar þjóðkirkjunnar og ráðandi stöðu hennar á hinum trúarlega markaði á Íslandi — enn sem komið er — fá flestir þeirra útskrifuðu nemenda sem á annað borð kjósa sér að starfa á hinum trúarlega vettvangi atvinnu hjá henni. Þar er eftirspurnin mest. Á milli þjóðkirkjunnar og Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar er einnig samningur sem mælir fyrir um að þjóðkirkjan greiði upphæð sem nemi hálfum starfslaunum lektors gegn því að deildin annist starfsmenntun prests- og djáknaefna. Langflestir nemendur útskrifaðir úr Guðfræði- og trúarbragðafræðideild sem fá atvinnu innan Þjóðkirkjunnar fá þar starf sem prestar en líka sem djáknar þó að það sé ekki jafn algengt. Ástæðan er m.a. hin þunga áhersla sem lögð hefur verið á prestsembættið (með tilkomu nýrra laga frá 2021, „preststarfið“) í starfsemi þjóðkirkjunnar.⁴² Þannig

³⁹ Hans Joas, *Die Sakralität der Person: Eine neue Genealogie der Menschenrechte*, Berlín: Suhrkamp, 2019 [2015]. Hér má einnig nefna hugmyndir Lindu Woodhead um gildi (e. *values*) sem hin nýju trúarbrögð. Sjá: Linda Woodhead, „Values are the New Religion: Cadbury Lectures — Professor Linda Woodhead MBE. 17–21 May 2021“, *University of Birmingham*, sótt 28.–30. apríl 2023 af <https://www.birmingham.ac.uk/schools/ptr/departments/theologyandreligion/events/cadburylectures/2021/index.aspx>.

⁴⁰ Hartmut Rosa, *Resonanz: Eine Soziologie der Weltbeziehung*, Berlín: Suhrkamp, 2016.

⁴¹ Christopher R. Cotter, *The Critical Study of Non-Religion: Discourse, Identification and Locality*, Bloomsbury Advances in Religious Studies, London: Bloomsbury, 2020; Markus Balkenhol, Ernst van den Hemel og Irene Stengs (ritstj.), *The Secular Sacred: Emotions of Belonging and the Perils of Nation and Religion*, Palgrave Politics of Identity and Citizenship Series, London: Palgrave Macmillan, 2020.

⁴² Margvíslegar ástæður — sögulegar og samfélagslegar — liggja að baki hinna ríku áherslu þjóðkirkjunnar á prestsstarfið. Vert er í því samhengi að benda á rannsóknir Steinunnar Arnþrúðar Björnsdóttur sem hefur greint hlutverk prestsins í íslensku þjóðkirkjunni frá ýmsum hliðum. Hún hefur t.d. bent á auknið verkstjórnarhlutverk presta — fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu — í kjölfar skattalagabreytinga árið 1988 og sýnt fram á miðlega stöðu þeirra þegar kemur að innleiðingu breytinga í sófnuðunum. Sjá: Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, „The Gatekeepers of Change: Strategic Planning in the ELCI and the Role of Pastors“, *Ecclesial Practices* 3/2016, bls. 5–29; Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, „The Making of a City Church: Change in Taxation and Its Effect on Parish Work and the Role of Pastors“, *Nordic Journal of Religion and Society* 30/2017, bls. 153–170.

hefur íslensku þjóðkirkjunni verið lýst af fræðimönnum sem „prests-
miðlægri“⁴³ og sem „prestakirkju“.⁴⁴ Þjóðkirkjan hefur ekki enn markað neina
stefnubreytingu að þessu leyti þó að vissulega hafi verið kallað eftir breytingum
í þeim efnum.⁴⁵

Tengslin milli Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar og þjóðkirkjunnar birt-
ast þó ekki aðeins í starfsvettvangi útskrifaðra nemenda. Í gegnum tíðina hafa
alltaf verið tengsl á milli þjóðkirkjunnar og kennaraliðs deildarinnar. Nokkur
hluti fastráðinna kennara hennar hefur haft kirkjulegan bakgrunn, þ.e. starfað
sem prestar á einhvern tíma áður en þeir hófu störf sem kennarar við Guð-
fræðideildina. Allnokkrir hafa gegnt biskupsembætti (bæði sem biskupar
Íslands og vígslubiskupar) eftir að hafa starfað við deildina.⁴⁶ Þessi bakgrunnur
er ástæða þess að þau sem kenna guðfræði við Háskóla Íslands (og aðra há-
skóla) geta fengið „fræða- og aukaaðild“ að Prestafélagi Íslands og þar til
nýlega höfðu vígðir starfsmenn við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild kos-
ningarétt í biskups- og vígslubiskupskosningum.⁴⁷ Tengslin á milli Guðfræði-
og trúarbragðafræðideildar og íslensku þjóðkirkjunnar birtast einnig „úti í menn-
ingunni“ ef svo má að orði komast því að sú skoðun er útbreidd að þau sem
leggja stund á guðfræðinám (sem aðalgrein) í Guðfræði- og trúarbragðafræði-
deild muni taka til starfa innan kirkjunnar sem prestar. Þessar menningarlegu
væntingar hafa ekki verið rannsakaðar sérstaklega en eru flestum sem stundað
hafa nám við deildina vel kunnar.

Á meðan lútherska þjóðkirkjan hefur verið í jafn ráðandi stöðu og áður hefur
verið lýst er ekki nema von að sterk tengsl séu á milli menntastofnunarinnar
sem annast menntun presta og djákna og kirkjunnar. Þessum tengslum hefur
líka verið tekið sem gefnum hlut og enn í dag kemur fram á heimasíðu Guð-
fræði- og trúarbragðafræðideildar að hún standi á „traustum grunni og fornum
hefðum“ sem rekja megi allt aftur til stofnunar biskupsstóla á Íslandi um miðja
elleftu öld. Þaðan liggja þræðir til þess embættismannaskóla sem tók til starfa
1847, þ.e. Prestaskólans í Reykjavík, sem varð síðar að Guðfræðideild Háskóla
Íslands þegar hann var stofnaður 1911.⁴⁸ Mikið hefur einnig verið látið með
þetta samband þegar tilefni hefur þótt til. Árið 1997 lögðust Guðfræðideild og

⁴³ Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, „Reforming Pastors: A Study on Reforms and Attempted Reforms in the
ELCI with a Focus on the Role of the Pastors“, doktorsritgerð, Háskóli Íslands og MF Vitenskapelig Høyskole,
2019, bls. 2–3.

⁴⁴ Hjalti Hugason, „Kallað eftir kirkjuskilningi“, *Kirkjan*, 7. október 2019, sótt 22. apríl 2023 af
<https://kirkjan.is/kirkjan/tru.is/grein/?itemid=ae81e8b1-2a11-ea11-810a-005056bc594d>. Sjá í því sambandi:
Hjalti Hugason, „Tímamót í samskiptum ríkis og kirkju“, *Kirkjan*, 17. september 2019, sótt 11. ágúst 2023 af
<https://kirkjan.is/kirkjan/tru.is/grein/?itemid=b281e8b1-2a11-ea11-810a-005056bc594d>.

⁴⁵ Þannig spyr Hjalti Hugason: „En felst vandi íslensku þjóðkirkjunnar endilega í því að ekki séu nægilega margir
prestar að stö[r]fum? Felst vandinn ekki frekar í of einsleitri áhöfn?“, Hjalti Hugason, „Tímamót í samskiptum
ríkis og kirkju“.

⁴⁶ Hér má nefna Ásmund Guðmundsson, biskup Íslands 1954–1959, Sigurbjörn Einarsson, biskup Íslands 1959–
1981, Jónas Gíslason, vígslubiskup í Skálholti 1989–1994, og Kristján Val Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti
2011–2018.

⁴⁷ „Lagabreytingar í Prestafélagi Íslands“, *Kirkjan*, 1. maí 2023, sótt 1. maí 2023 af
<https://kirkjan.is/fretir/frett/2023/05/01/Lagabreytingar-i-Prestafelagi-Islands/>.
Heimasíða Prestafélags Íslands hefur verið ekki uppfærð í samræmi við lagabreytingar. Starfsreglur um
kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa, nr. 9/2021–2022, sbr. starfsrgl. nr. 45/2022–2023, sótt 7. maí
2023 af [https://kirkjan.is/library/KirkjuThing/09 2021-2022 str. um kosningu biskups %c3%8dlands og
v%c3%adgslubiskupa.pdf](https://kirkjan.is/library/KirkjuThing/09%2021-2022%20str.%20um%20kosningu%20biskups%20%26%20v%C3%ADgslubiskupa.pdf).

⁴⁸ *Guðfræði- og trúarbragðafræðideild*, sótt 16. apríl 2023 af
https://www.hi.is/gudfraedi_og_truarbragdafraedideild/gudfraedi_og_truarbragdafraedideild.

Þjóðkirkjan á eitt um að halda upp á 150 ára afmæli Prestaskólans í Reykjavík með umfangsmikilli hátíðardagskrá sem m.a. samanstóð af sýningu á gripum tengdum sögu Prestaskólans og málþingum um samspil guðfræði, kirkju og samfélags.

Á heimasíðu Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar er einnig tekið fram að nám við deildina sé orðið mun fjölbreyttara og að starfsfólk deildarinnar leggi áherslu á að „mæta þörfum fjölmenningslegs samfélags“.⁴⁹ Það verður þó að taka fram að frá sögulegu sjónarhorni virðist nám í guðfræði, ef eitthvað er, hafa færst í átt að hinum praktíska þætti prestsstarfsins þar sem vægi og umfang „kennimannlegrar guðfræði“, þ.e. þess hluta guðfræðinámsins sem er beinlínis miðaður að kirkjulegri þjónustu, hefur vaxið síðan 1974 þegar námseiningakerfi var tekið upp.⁵⁰ Þá tilhneigingu má mögulega — en þó ekki aðeins — skýra á þeim forsendum að guðfræðinemar hafa löngum kallað eftir aukinni áherslu á praktíska þætti námsins, t.d. aukinni menntun í sálgæslu.⁵¹

Í ljósi ofangreinds virðist ekki fráleitt að líta svo á að Guðfræði- og trúarbragðafræðideild hafi enn stöðu nokkurs konar „prestaskóla“ og það fyrir „prestakirkju“ eins og málum er nú háttað innan Þjóðkirkjunnar og lúthersku fríkirknanna.⁵² Á milli stofnananna tveggja eru praktísk, söguleg og menningarleg tengsl sem gera það að verkum að ekki verður hjá því komist að túlka minnkandi aðsókn í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild í ljósi þeirrar „krísu“ sem íslenska meirihlutakirkjan er að fást við.

Breytingar og viðbrögð

Dregin hefur verið upp mynd af þeim breytingum sem átt hafa sér stað á hinu trúarlega sviði á Íslandi á undanförunum árum, sem og hefðbundinni stöðu Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar þar innan. Nú á sú spurning rétt á sér hvers konar viðbrögð af hálfu Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands þær aðstaður sem lýst hefur verið kalla á, ef einhver. Víða í Evrópu starfa guðfræðideildir með hefðbundnu sniði þrátt fyrir að sambærileg þróun hafi þar átt sér stað á hinu trúarlega sviði og að meirihlutakirkjur hafi jafnvel átt við erfiðari kreppur að etja en á Íslandi. Sá munur er þó á að Ísland er smáriki og þeir sem sækja nám við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild því fáir í beinum samanburði við flest önnur ríki Evrópu þótt fjöldinn kunni að vera sambærilegur sé tekið mið af höfðatölu. Slík könnun hefur þó ekki verið gerð. Sérstaða Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar við Háskóla Íslands og þess vanda sem hún stendur frammi fyrir er þannig bundin fámenni á Íslandi. Ef fækkun verður í háskóladeild sem þegar er fámenn verður vandinn fyrir aðkallandi en í deildum sem eru fjölmennar.

⁴⁹ Sama heimild.

⁵⁰ Guðni Þór Ólafsson, „Guðfræðideild Háskóla Íslands 1947–1997“, *Guðfræðingatal 1847–2002* 1, [Reykjavík]: Prestafélag Íslands, 2002, bls. 92–93.

⁵¹ Hjalti Hugason, „Prestaskólinn í Reykjavík og samhengið í íslenskri prestsmentun“, *Ritrit Guðfræðistofnunar* 12/1998, bls. 51–58, hér 58.

⁵² Tekið er fram að orðin „prestaskóli“ og „prestakirkja“ eru ekki gildishlaðin í þessu samhengi heldur er þeim ætlað að vera lýsandi fyrir þá áherslu sem lögð hefur verið á prestsstarfið, bæði innan Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar og Þjóðkirkjunnar.

Ef fram verður haldið með óbreyttu sniði mun nám við deildina halda áfram að kallast á við þarfir þjóðkirkjunnar og lúthersku fríkirknanna. Óljóst er hversu marga guðfræðinga þarf að útskrifa á hverju ári til þess að mæta þörfum þessara trúfélaga. Slíkir framreikningar hafa ekki verið gerðir og e.t.v. þykir einhverjum ekki nauðsynlegt að veita slíkum atriðum of mikla athygli því að aðrir þættir en augljósir starfsmöguleikar hafa einnig áhrif á aðsókn í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Aðsókn var t.a.m. með mesta móti (þó ekki almesta) í kringum aldamót á tímabili þegar starfsmöguleikar innan kirkjunnar voru takmarkaðir.⁵³ Einhverja athygli verðskuldar aðsókn. Þannig er sjálfsagt að huga að því að ef áherslubreytingar verða innan þjóðkirkjunnar og minni áhersla verður lögð á prestsstarfið, eins og lagt hefur verið til á grundvelli þess aukna frelsis sem nýju þjóðkirkjulögunum fylgir, getur það einnig haft áhrif á það hversu margir innritast í guðfræðináám, sem er forsenda réttinda til prestsstarfa. Þá er alls óvíst hvort fækkun í þjóðkirkjunni muni hafa meiri áhrif á aðsókn í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild í framtíðinni. Einnig má velta fyrir sér hvort háskólayfirvöld — sem eru ekki ætíð hin sömu eða sömu skoðunar — séu tilbúin að halda úti fámennri deild innan háskólans sem er jafn tengd einu tilteknu trúfélagi og raun ber vitni í tilviki Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar.

Hér á eftir er að finna tíu tölusettar efnisgreinar þar sem hugmyndir eru settar fram um það hvernig hægt væri að bregðast við þeim breytingum sem lýst hefur verið hér að framan. Þessar hugmyndir taka mið af sérstöðu þeirra áskorana sem Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands stendur frammi fyrir en þær eru ekki endilega hinar sömu og í löndum sem ekki eru fámenn smáríki. Þessar efnisgreinar eru byggðar á þeirri greiningu á hinu trúarlega landslagi á Íslandi sem birtist í fyrri köflum þessarar greinar („Óvissa á markaði“ og „Arfleifð Prestaskólans“) þar sem m.a. var varpað ljósi á breytta stöðu íslensku þjóðkirkjunnar í íslensku samfélagi og fjölbreyttari lífsskoðanir fólks en á árum áður.

1. Guðfræði- og trúarbragðafræðideild þarf að endurspeglar hið trúarlega svið eins og það **er**, ekki eins og það **var**. Hið trúarlega, hið guðlega, hið heilaga, hið andlega, hið handanlega — hvaða nöfnum sem við kunnum að nefna rannsóknarviðfang deildarinnar — birtist í sífellt fjölbreytilegri myndum, jafnvel þar sem síst mætti búast við því innan um hið veraldlega. Deildin þarf kerfisbundið að leggja rækt við fleiri en eina leið, fleiri en eina hugmyndahefð, viddækara hugtakasafn og orðaforða, til þess að hugsa um þetta viðfangsefni, ræða það og rannsaka.
2. Breytingarnar á hinu trúarlega landslagi sem lýst hefur verið fela ekki í sér að kristin trúarbrögð hafi ekki lengur sérstöðu. Eins og annars staðar í Norðvestur-Evrópu eru þau enn fjölmennustu, umsvifamestu og áhrifamestu trúarbrögð á Íslandi, í sögu og samtíð. Námsleiðir og námskeiðaframboð þurfa að endurspeglar þessar aðstæður án þess að um ofuráherslu á kristin trúarbrögð verði að ræða.

⁵³ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Af hverju leggjum við stund á guðfræði?“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 12/1998, bls. 81–89, hér 81.

3. Aukin menningarleg fjölbreytni í íslensku samfélagi — fjölmeningin — hefur gert það að verkum að spurningin um það hvernig hægt sé að búa og lifa saman í samfélagi með ólíkan þekkingarfræðilegan, frumspekilegan, heimsfræðilegan o.s.frv. útgangspunkt — þ.e. ólíka lífsskoðun — hefur aldrei verið brýnni. Guðfræði- og trúarbragðafræðideild ætti að vera leiðandi í slíkri umræðu og ganga á undan sem fordæmi — í samstarfi við aðrar deildir háskólans þegar það á við — og bjóða nám þar sem tekist er á við þessar spurningar með skipulögðum og meðvituðum hætti.
4. Eins og nafnið gefur til kynna, býr Guðfræði- og trúarbragðafræðideild nú þegar að fleiri en einni leið til þess að fjalla um viðfangsefni sitt. Annars vegar leið guðfræðinnar og hins vegar leið trúarbragðafræða.⁵⁴ Útbreidd leið til þess að greina á milli guðfræði og trúarbragðafræða er sú að trúarbragðafræði nálgast viðfangsefni sitt frá hlutlausum sjónarhóli, þar sem ekki er tekin afstaða til þeirrar sannleikskröfu sem sett er fram innan trúarbragðanna sem verið er að rannsaka.⁵⁵ Guðfræði er aftur á móti *normatíf* vísindagrein, þ.e. sannleikskrafa trúarbragðanna um tilvist Guðs o.s.frv., er samþykkt og unnið er út frá henni.⁵⁶ Gefa þarf greinarmuninum þarna á milli gaum með markvissum hætti.
5. Einföld leið til þess að gera greinarmuninum milli guðfræði og trúarbragðafræða hærra undir höfði en nú er gert væri að flokka öll námskeið sem í boði eru út frá skiptingunni í „normatíft“ og „trúarlega hlutlaust“. Yfirskriftir á borð við þessar myndu gefa nemendum hugmynd um framsetningu og vinnuaðferðir í viðkomandi námskeiði. Þeir nemendur sem hafa ekki áhuga á námskeiðum þar sem gengið er út frá tiltekinni sannleikskröfu í trúarefnum geta þá sneitt hjá þeim ef þau vilja og nýtt önnur námskeið til gráðu í trúarbragðafræðum. Þannig má einnig tryggja að nemendur sem samþykkja forsendur hinnar guðfræðilegu vinnuaðferðar muni hljóta mótun og þjálfun sem gagnast þeim í starfi innan kristinna kirkju-deilda.

⁵⁴ Á síðustu árum hafa trúarbragðafræði færst frá „heimstrúarbragðaparadigmanu“ (e. *World Religions Paradigm*). Menntun í trúarbragðafræðum og „trúarlegt læsi“ er ekki bundin við staðreyndaþekkingu um tiltekin heims-trúarbrögð. Trúarbragðafræði snúast fyrst og fremst um sjónarhorn og aðferðir en ekki inntak tiltekinna trúarbragða. Þau eru lýsandi og greinandi án þess að taka afstöðu til sannleikskrafna tiltekinna trúarbragða. Frá sjónarhóli trúarbragðafræða eru öll trúarbrögð eins að eftirfarandi leyti: A) Þau mótast af samhenginu sem þau verða til í og taka á sig í mynd í samspili og átökum við önnur félags- og menningarleg fyrirbæri, líka við önnur trúarbrögð. B) Trúarbrögð eru ekki óbreytanleg og statísk heldur síbreytileg, alveg eins og samfélögin sem þau tilheyra, móta og mótast af. C) Trúarbrögð eru heldur ekki innbyrðis einsleit heldur fjölbreytileg.

⁵⁵ Sjá ágætt yfirlit hjá: Horst Junginger, „Etsi deus non daretur: Die Säkularität von Religionswissenschaft“, *Religion in Culture: Culture in Religion*, ritstj. Christoph Auffarth, Alexandra Grieser og Anne Koch, Tübingen: Tübingen University Press, 2021, bls. 119–140.

⁵⁶ Tekið skal fram að þó að guðfræði teljist normatíf vísindagrein þýðir það ekki að hún sé boðandi. Hægt er að vinna á grundvelli tiltekinna sannleikskröfu án þess að aðhyllast hana og hvað þá boða hana. Guðfræðileg vinna, t.d. á sviði trúfræði eða guðfræðilegrar síðfræði, byggist oftast nær á þeirri forsendu að Guð sé til en í trúarbragðafræðum er aftur á móti leitast við að taka hlutlausu afstöðu gagnvart slíkum hugmyndum. Þótt þetta sé ekki eina leiðin til að greina á milli guðfræði og trúarbragðafræða þá er hún allútbreidd. Aðgreiningin milli guðfræði og trúarbragðafræði hefur verið sett fram með fjölbreytilegum hætti frá því á nítjándu öld þegar trúarbragðafræði kom fram á sjónarsviðið sem fræðigrein. Yfirlit yfir slíkar útfærslur má finna hjá: Theo Sundermeier, *Religion: Was ist das? Religionswissenschaft im theologischen Kontext*, Frankfurt: Lembeck, 2007 [1999], bls. 273–307. Yfirlit yfir upphaf umræðunnar um muninn á guðfræði og trúarbragðafræði er að finna hjá: Ulrich Berner, „Religionswissenschaft und Theologie: Das Programm der Religionsgeschichtlichen Schule“, *Religionswissenschaft: Eine Einführung*, ritstj. Hartmut Zinzer, Berlín: Dietrich Reimer Verlag, 1988, bls. 412–420.

6. Guðfræði- og trúarbragðafræðideild þarf að bjóða upp á námsmöguleika án yfirskrifta með augljósar tengingar við kristnar lífsskoðanir, t.d. „guðfræði“⁵⁷ eða „djáknafræði“. Slíkir námsmöguleikar eru forsenda þess að öll geti fundið sér stað í deildinni, hvort sem þau líta á sig sem trúuð eða ekki, kristin eða ekki, hvort sem þau ætla sér að starfa innan tiltekins trúfélags eða ekki.
7. Námsmöguleikar þar sem markvisst er fjallað um trúarbrögð og lífsskoðanir á „trúarlega hlutlausum“ grunni þurfa að haldast í hendur við starfsmöguleika að námi loknu. Hér má hafa í huga að þær breytingar á hinu trúarlega sviði sem að framan hefur verið lýst hafa einnig haft áhrif innan skólakerfisins. Trúarbragðafræðsla sem hluti af faggreininni samfélagsgreinar hefur tekið við af námsgreininni kristinfræði og þörf er á kennurum með sérhæfingu í faginu. Guðfræði- og trúarbragðafræðideild hefur alla burði til að bjóða upp á slíka sérhæfingu á grunnstigi fyrir fólk sem síðar getur aflað sér kennsluréttinda. Einnig má benda á að annars staðar hafa sérstakar námsleiðir á sviði trúarbragða og lífsskoðana verið sniðnar að mismunandi starfsvettvangi.⁵⁸ Ljóst er, í þessu tilviki sem endranær, að sníða þarf stakk eftir vexti.
8. Þjálfun í að hugsa um ólíkar lífsskoðanir og að tala við fólk með ólíkar lífsskoðanir gagnast ekki aðeins þeim sem vilja starfa á grunni hlutleysis heldur einnig þeim sem starfa innan trúfélaga. Aukin áhersla á greinarmuninn milli „normatífrar“ nálgunar og „trúarlega hlutlausrar“ nálgunar mun þannig gera starfsfólki þjóðkirkjunnar betur kleift en nú að sinna skyldum sínum í samræmi við ný þjóðkirkjulög frá 2021. Samkvæmt þeim þarf þjóðkirkjan að tryggja að „allir landsmenn“ — óháð trúarbrögðum eða öðrum lífsskoðunum — hafi aðgang að þjónustu kirkjunnar.⁵⁹ Að sama skapi ætti fólk að geta nýtt þá menntun sem það fær innan deildarinnar til starfa innan ólíkra lífsskoðunarfélaga, þ.m.t. félaga á borð við veraldleg humanistafélög.
9. Breyta þarf ímynd deildarinnar þannig að hún endurspegli áherslubreytingar á borð við þær sem lagðar hafa verið til. Taka þarf skref í átt frá „prestaskóla“ fyrir „prestakirkju“. Þetta má t.d. gera með því að standa fyrir viðburðum og sýningum sem endurspeglar markviss skref í þá átt. Þá mætti opna kynningarrými um ólík trúarbrögð og bjóða upp á vinnustofur fyrir skólahópa þar sem hið trúarlega svið í allri sinni breidd er til skoðunar. Þetta mætti gera í samstarfi við önnur svið háskólans, t.d. Menntavísindasvið.

⁵⁷ Guðfræði sem normatíf fræðigrein er auðvitað iðkuð innan annarra trúarbragða en í almennu tali í íslenskri menningu eru hugtökin „guðfræði“ og „kristin guðfræði“ nátengd og oftar en ekki samheiti.

⁵⁸ Hér eru dæmin mörg og möguleikarnir einnig. Víða er boðið upp á sérstakar námsleiðir í trúarbragðafræðslu. Þær er bæði að finna á sviði menntavísinda og innan guðfræði- og trúarbragðafræða. Sums staðar er einnig um samstarf þar á milli að ræða. Þá hafa námsleiðir sem snúa sérstaklega að trúarbrögðum í almannarýminu vakið athygli upp á síðkastið, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Við háskólann í Hannover í Þýskalandi var á síðasta ári sett á fót ný alþjóðleg námsleið á meistarastigi með titilinn „Trúarbrögð í almannarýminu“ (e. *Religion in the Public Sphere*). Áberandi dæmi frá Bandaríkjunum er námsdeildin „Trúarbrögð og líf í almannarýminu“ (e. *Religion and Public Life*) við Harvard Divinity School þar sem unnið er markvisst að því að auka trúarlegt læsi (e. *religious literacy*) á hinum fjölbreytilegasta vettvangi.

⁵⁹ Lög um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, *Alþingi*, sótt 15. apríl 2023 af <https://www.althingi.is/altext/stjt/2021.077.html>.

10. Forsenda fyrir áherslubreytingum á borð við þær sem lagðar hafa verið til hér að ofan er að áreiðanlegri vitneskja en nú er fyrir hendi fáist um hið trúarlega landslag á Íslandi. Mikilvægt er að Guðfræði- og trúarbragðafræðideild standi fyrir eða í það minnsta taki þátt í umfangsmikilli trúarlífskönnun, t.d. í samstarfi við félagsvísindafólk innan Háskóla Íslands, þar sem bæði eigindlegum og meginlægum aðferðum er beitt til þess að kortleggja hið trúarlega svið í íslensku samfélagi.

Niðurstaða þessarar greinar er ekki sú að samband Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar við þjóðkirkjuna verði ekki áfram sterkt og báðum aðilum til gagns og upplyftingar. Hún er heldur ekki sú að þær samfélagsbreytingar sem hér hefur verið lýst kalli ekki á neinar áherslubreytingar í starfi deildarinnar sem gætu haft áhrif á eðli þess sambands. Niðurstaðan er aftur á móti sú að þær samfélagsbreytingar sem orðið hafa í íslensku samfélagi, einkum á hinu trúarlega sviði, og hafa haft afgerandi áhrif á stöðu íslensku meirihlutakirkjunnar og þ.a.l. Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar, knýi á um að umræða fari fram um hvort breytinga sé þörf á starfi deildarinnar. Hér að framan hafa einnig verið færð að því rök að slíkra breytinga sé þörf. Hvort breytingar koma til með að eiga sér stað og hveðrar náttúru þær verða er aftur á móti erfitt að spá fyrir um. Ákvarðanir um slíkt verða á endanum aðeins teknar á vettvangi Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands. Ljóst er að margar leiðir eru færar og ef ráðist verður í breytingar mun það ekki gerast í einu vetfangi og sömuleiðis verða þær að rúmast innan þeirra marka sem stjórn-sýslulegt samhengi Háskóla Íslands setur. Auk þess verða slíkar breytingar aðeins gerðar á grundvelli ígrundaðrar umræðu milli þeirra sem hlut eiga að máli. Þær yrðingar sem hér hafa verið settar fram ber að skilja sem framlag á hugmyndastigi til slíkrar umræðu.